

Hákarlinn í hafinu,

Am

Hákarlinn í hafinu,

Dm E

kemur upp úr kafinu,

Dm E

lítur í átt að landi,

Dm F E


langar að skipin strandi.

Dm E

Vini á hann voðalega fáa

Dm E Am

hákarlinn í hafdjúpinu **bláa**.



Hákarlinn í hafinu,


kann að vera í kafinu

Leikur hann sér að löngu,

loðnu og síldargöngu.

Hefur skrápinn skelfilega gráa,

hákarlinn í hafdjúpinu **bláa**.



Hákarlinn í hafinu,


kvikur er í kafinu.

Blikar á beittar tennur,

blóð um kjaftinn rennur.

Gleðst hann yfir grimmilegum dauða,

hákarlinn í hafdjúpinu **rauða**.



Hákarlinn í hafinu,

kraftmikill í kafinu.

Bærir þar blakkan ugga,

Bráðum siglir dugga.

Ætli hann gleypi stýrimann og stjóra?

Hákarlinn í hafdjúpinu **stóra**

